

105. fundur

18. janúar 2017

0912049SA BÓH
Málalykill: 502

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

Fundur haldin fimmtudaginn 18. janúar 2017 í Borgartúni 30, Reykjavík og hófst hann kl. 11:30.

Mættur fyrir hönd Félags leikskólakennara Haraldur F. Gíslason, Fjóla Þorvaldsdóttir. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlasons, Berglind Eva Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Starfsheiti Aðstoðarleikskólakennara

Aðilar eru sammála um að færa starfsheiti Aðstoðarleikskólakennara sem sinna öðrum störfum en deildarstjórn inn í kjarasamning enda gerði fyrir samningur ráð fyrir því sbr. fylgiskjal 2.

Um er að ræða starfsheitin Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslu / verkefnastjórn / sérgreinastjórn og Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslustjórn.

2. Breyting á grein 2.7.1. og 2.7.2. um undirbúningstíma

Vegna upptöku nýrra starfsheita í stað Leikskólaleiðbeinenda A og B yfir í Háskólamenntaða starfsmenn A og B er gerð breyting á grein 2.7.1. og grein 2.7.2.

Grein 2.7.1 hjóði svo:

„Lágmarks undirbúningstími leikskólakennara og háskólamenntaðra starfsmanna A í leikskólum er 4 klst. á viku miðað við fullt starf. Aðstoðarleikskólakennarar og háskólamenntaðir starfsmenn B skulu hafa að lágmarki 2 klst. í undirbúningstíma á viku miðað við fullt starf.“

Grein 2.7.1 hjóði svo:

„Lágmarksundirbúningstími deildarstjóra og annarra starfsmanna sem sinna deildarstjórn og leikskólasérkennara og annarra starfsmanna sem sinna sérkennslu eru 5 stundir á viku miðað við fullt starf.“

3. Útgáfa heildarkjarasamnings

Farið yfir drög að heildarkjarasamningi.

Niðurstaða:

Kjarasamningur er tilbúin til útgáfu.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 12:15